

Sumar-söngleikjanámskeið

Í júlí næstkomandi mun Berglind María bjóða upp á fjögurra vikna söngleikjanámskeið í samstarfi við Leikfélag Hveragerðis. Farið verður í spunavinnu, sviðsframkomu, túlkun, söng- og dansþjálfun ásamt fleiru. Námskeiðið er góður undirbúningur fyrir unga leikara sem eru að stíga sín fyrstu skref í leiklist en hentar einnig lengra komnum sem vilja auka kunnáttu sína á þessum sviðum.

Kennt verður einu sinni í viku í tvær klukkustundir í senn í leikhúsinu Austurmörk 23. Þátttakendum verður skipt í tvo aldurshópa, 12 – 14 ára og 15 – 18 ára (árið gildir).

Dagsetningar:

12 – 14 ára: 11., 16., 25. og 30. júlí kl. 15:00 – 17:00.

15 – 18 ára: 11., 16., 25. og 30. júlí kl. 17:00 – 19:00.

Námskeiðið kostar 6.000 krónur og greiða þarf fyrir 11. júlí.

Skráningar og fyrirspurnir berist á berglindmariabokanir@gmail.com.

Berglind María er ung listakona sem hefur yfir 10 ára reynslu af sviðsframkomu, bæði á Íslandi og í New York. Hún hefur m.a. tekið þátt í uppsetningu söngleikjanna Emil í Kattholti, Buggy Malone, V.Í. Will Rock You, Með Allt á Hreinu, Glanni Glæpur í Latabæ, The 25th Annual Putnam County Spelling Bee og 12 Angry Women. Einnig hefur hún komið fram sem söngkona á hinum ýmsu tónleikum og viðburðum í gegnum tíðina. Árið 2017 útskrifaðist hún með diplomu í söng- og kvikmyndaleik frá skólanum New York Film Academy og á dögnum lauk hún framhaldsprófi í klassískum einsöng frá Tónlistarskóla Árnesinga. Hún hefur undanfarin tvö ár starfað sem leiklistarkennari við Grunnskólann í Hveragerði en í maí síðastliðinn lauk hún sínu fyrsta ári í grunnskólakennarafræði við Háskóla Íslands.

